

Truenorth
Fiskislóð 31A
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2024
UST202401-310/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir ljósmyndatöku við Skógafoss

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth, dagsett, 23. janúar 2024, um leyfi til ljósmyndatöku við Skógafoss.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til ljósmyndatöku í ánni framan við fossinn. Þar sem farið verður í ána er ekki gert ráð fyrir að aðrir gestir trufla tökurnar. Mögulega þyrfti kannski að biðja stöku ferðamann um að stíga út úr ramma en ekki er verið að loka aðgengi að fossinum. Bifreiðum og hestakerrum yrði lagt á bílastæði. Ekki er gert ráð fyrir að sett verði upp starfsmanna aðstaða. Að tökunum kæmu 7 manns og 4-5 hestar. Tökurnar færu fram í 3-4 klst á einum degi á tímabilinu 31. janúar - 2. febrúar 2024.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins. Stofnunin telur líklegt að aðrir gestir geti orðið fyrir truflunum af völdum takana en hægt sé að draga úr þeim áhrifum verði farið eftir skilyrðum leyfisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth fyrir sitt leyti leyfi fyrir ljósmyndatöku við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 31. janúar - 2. febrúar 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis tókuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Vanda skal við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu og hreinsa upp allt hrossatað eftir hestana.
- Starfsmenn verkefnisins skulu sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Tökur skulu fara fram snemma morguns eða síðdegis þegar færri gestir eru á svæðinu.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Matvælastofnunar þarf vegna notkunar dýra í tókunum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir

sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur